

12 13

Ársskýrsla VR 2012 – 2013

Virðing
Réttlæti

VR


Félagið í hnotskurn	04
Almenn starfsemi og þjónusta	04
Fjöldi félagsmanna	04
Lykiltölur VR 2012	04
Kynjabókhald VR	04
Viðhorf til VR	04
Ávarp formanns	05
Stjórn VR starfsárið 2012 - 2013	05
Kjarasamningar	06
Samkomulag um endurskoðun kjarasamninga 21. janúar 2013	06
Ráðgjöf	07
Kjara- og innheimtumál	07
STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf	08
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	08
Sjúkrasjóður	09
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði	09
Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	09
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2012 – 2013	09
Orlofsmál	10
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2012	10
Tjaldsvæði í Miðhúsaskógi	10
Íbúð í Sóltúni og hús í Vestmannaeyjum	10
Afsláttur í ferðalagið	10
Veiði- og útilegukort	10
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2012 – 2013	10
Jafnréttismál	11
Jafnlaunavottun VR	11
Kynjabókhald VR	11
Ályktanir, yfirlýsingar, fundir	12
Ályktanir stjórnar starfsárið 2012 – 2013	12
Fundir starfsárið 2012 - 2013	12
Önnur starfsemi	13
VR varasjóður	13
Fræðslumál	13
Starfsmenntastyrkir	13
Stjórnir fræðslumála starfsárið 2012 - 2013	13
Starfsemi þjónustudeildar	14
Rannsóknir og kannanir	14
Útgáfu- og kynningarmál	14
Erlend samskipti	14
Almennar upplýsingar	15
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	15
Lagabreytingar	15
Félagatal	17
Félagsgjald	18
Félagsmál	18
Skipulag skrifstofu	18
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2013	19
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2012	20
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	20
Ársreikningur 2012	21
Áritanir	22
Rekstrarreikningur 2012	23
Efnahagsreikningur 31. desember 2012	24
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012	26
Rekstrarreikningur ársins 2012	27
Efnahagsreikningur 31. desember 2012	28
Skýringar	29

Félagið í hnotskurn

Almenn starfsemi og þjónusta

	2012	2011
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.472	1.359
Starfsmennta- og tólmundastyrkir, fjöldi félagsmanna	4.736	4.339
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	13.086	11.686
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.151	1.078
Fjöldi atvinnuleitenda sem nýtti úrræði STARF	663	-
Fjöldi nýrra einstaklinga sem fékk þjónustu hjá VIRK	188	174
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna, útleigur	3.019	3.030

Fjöldi félagsmanna



* Athugið að tölur yfir félagsmenn árin 2011 og 2012 eru tvískiptar, súlur sýna heildarfjölda félagsmanna og þar af fjölda félagsmanna í starfi. Upplýsingar um hlutfall starfandi liggur ekki fyrir árin 2001 - 2010


Lykiltölur VR 2012

Félagsgjöld	772.896.738
Sjúkrasjóðisgjöld	1.077.766.884
Orlofssjóðisgjöld	262.429.330
Leiga orlofshúsa	81.519.629
Aðrar tekjur	25.798.197
Samtals tekjur	2.220.410.778
Bætur og styrkir	745.301.617
Greiðsla úr varasjóði	452.207.326
Rekstrargjöld	905.671.255
Samtals gjöld, bætur og styrkir	2.103.180.198
Fjármagnsliðir	542.038.085
Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar	659.268.665

Kynjabókhalda VR

Stjórn VR og varastjórn	53% karlar / 47% konur
Trúnaðarráð VR	52% karlar / 48% konur
Skrifstofa VR	30% karlar / 70% konur

Viðhorf til VR



VR hefur kannað viðhorf félagsmanna til félagsins árlega frá árinu 2004 en það er Capacent Gallup sem sér um að gera þá könnun. Hér má sjá þróun þeirra sem segjast mjög / frekar jákvæðir og svo þeirra sem segjast mjög / frekar neikvæðir.

Ávarp formanns

Á liðnu starfsári bar margt til tíðinda hjá VR. Eftir umfangsmiklar skipulagsbreytingar á skrifstofu og skipuriti félagsins hefur verið unnið að því að uppfylla þau markmið sem þeim er ætlað að ná á komandi misserum. Markmiðin eru sem hér segir:

1. Draga úr rekstrarkostnaði félagsins
2. Leita nýrra leiða til þess að mæta þörfum félagsmanna á vinnumarkaði
3. Einfalda ákvarðanatöku á vettvangi félagsins
4. Gera félagið á ný að mótandi afli í íslensku samfélagi

Óhætt er að fullyrða að félagið hafi fetað sig í átt að þessum markmiðum á árinu 2012 og byrjun ársins 2013. Rekstrarreikningur félagsins sýnir að hagræðing upp á tugi milljóna hefur náðst í rekstri milli starfsáranna 2011 og 2012. Félagið hefur leitað nýrra leiða til að mæta þörfum félagsmanna sinna, m.a. með hinni nýju Jafnlaunavottun VR sem kynnt var snemma á árinu 2013 og þeirri umfangsmiklu þjónustu sem félagið veitir nú atvinnulausum félagsmönnum. Skipurit félagsins byggir nú á þremur grunnsviðum í stað fimm áður og það gerir alla ákvarðanatöku einfaldari og skjótvirkari með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi og þá er ljóst að félagið hefur fengið mun meiri jákvæða umfjöllun á opinberum vettvangi síðustu misserin en árin á undan. Félagið hefur gert sig gildandi um ýmis hagsmunamál vinnandi fólks og það staðfestist best í því aukna trausti sem félagsmenn bera til VR.

Stærstu áfangarnir sem náðust á liðnu starfsári eru annars þeir að laun félagsmanna hækkuðu þann 1. febrúar 2012 að lágmarki um 3,5% og lægstu laun um tæp 6% (hækkunin í febrúar 2013 var 3,25% á markaðslaun og tæp 6% á lægstu laun). Félagið tók við þjónustu við atvinnuleitandi félagsmenn sína en sú þjónusta færðist með því frá Vinnuálastofnun. Starfsendurhæfingarráðgjöf var eflid og má í því sambandi nefna að ráðgjafi var ráðinn á skrifstofu félagsins í Vestmannaeyjum og mun hann á grundvelli samnings við VIRK starfsendurhæfingarsjóð ses. þjónusta alla þá sem þurfa á slíkri ráðgjöf að halda í Vestmannaeyjum.

Liðið starfsár einkenndist af uppbyggingu á innviðum félagsins. Mikið mæddi á starfsfólki enda mikil aðsókn í þjónustu þess og þá reyndi einnig á þolmörk sjúkrasjóðs félagsins vegna mikillar útgjaldaaukningar. Þar sannaðist þó að vel hefur verið búið í haginn til komandi starfsára og sjúkrasjóðurinn, líkt og aðrir sjóðir félagsins, stendur með öflugum hætti við bakið á félagsmönnum.

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR

Stjórn VR starfsárið 2012 - 2013

Stefán Einar Stefánsson formaður

Eyrún Ingaóttir varaformaður

Sigurður Sigfússon ritari

Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson (kosinn fyrsti varamaður árið 2012 en tók sæti Pálmeyjar H. Gísladóttur sem kosin var í stjórn árið 2011 en dró sig í hlé á aðalfundi 2012) og Ragnar Þór Ingólfsson.

Varamenn: Hildur Mósesdóttir og Jón Magnússon.

Kjarasamningar

Þann 21. janúar 2013 var skrifað undir samkomulag um framlengingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eftir langt þóf og mikla óvissu. Nokkrum dögum áður stefndi allt í að samningum yrði sagt upp og trúnaðarráð VR fundaði tvívegis til að ræða stöðuna skömmu áður en fresturinn til að framlengja samningana rann út. Forsendur samninganna, hvað þróun verðlags og gengis varðaði, voru brostnar að mati VR og stöðugleikanum ógnað. Þá sýndi könnun sem VR gerði meðal félagsmanna sinna í desember árið 2012 að laun meirihluta félagsmanna VR höfðu ekki haldið í við þróun verðlags, 68% svarenda höfðu ekki fengið launahækkun umfram kjarasamningsbundna hækkun á árinu 2012. Könnunin var gerð af Maskínu fyrir VR, úrtakið var um eitt þúsund félagsmenn og svarhlutfall 59%.

Skömmu áður en frestur til að taka afstöðu til samninganna rann út lögðu vinnuveitendur fram tilboð um að stytta samningstímann um mánuð. Verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að stytta bæri samningstímann enn frekar og upp úr miðjum janúar lágu á borðinu drög að samkomulagi um að stytta samningstímann um tvo mánuði og hefja þegar vinnu við undirbúning nýs kjarasamnings sem lagt gæti grunn að þjóðarsátt. Stjórn VR og trúnaðarráð komu saman til fundar að kvöldi sunnudagsins 20. janúar, þegar innan við sólarhringur var þar til fresturinn rann út. Eftir miklar umræður voru drögin samþykkt með 43 atkvæðum gegn tveimur og veitti stjórn formanni félagsins þannig umboð til að samþykkja að framlengja samninga til loka nóvember 2013. Á fundinum ítrekaði stjórn VR þá kröfu sína að atvinnurekendur og hið opinbera haldi aftur af verðlagshækkunum, að öðrum kosti væri stöðugleika á vinnumarkaði ógnað. Skrifað var svo undir samkomulag um að framlengja samninga, eins og segir hér að framan, þann 21. janúar 2013, sama dag og fresturinn rann út.

Samkomulag um endurskoðun kjarasamninga 21. janúar 2013


Hér að neðan má sjá helstu atriði samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins 2013 vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga. Samkomulagið er birt í heild sinni á heimasíðu VR, www.vr.is, undir umfjöllun um kjarasamning VR og SA 2011.

- Samningstíminn er stytur um tvo mánuði, gildistími er til 30. nóvember 2013 í stað 31. janúar 2014. Þá er áréttað mikilvægi þess að hefja þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga en sú vinna þarf að felast í mótun á sameiginlegri sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til aukinna launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum.
- Þá er áhersla lögð á samstöðu um atvinnustefnu sem hefur að markmiði hagvöxt, fleiri störf og bætt lífskjör á grunni stöðugleika.
- Þá vilja aðilar leita samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og verðlagsmála sem lagt geti grunn að þróun verðlags og jöfnun starfsskilyrða atvinnulífsins. Aðilar vinnumarkaðarins munu jafnframt beita sér fyrir aðgerðum til lækkunar verðlags.
- Samkomulag náðist um að framlög til starfsmenntasjóða hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015 og verður ráðstöfun þessarar hækkunar nánar útfærð í næstu kjarasamningum.
- Aðilar eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd vinnumarkaðarins.
- Þá náðist samkomulag um að halda áfram átaki gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitölufлакki og að bættri framkvæmd útboðsmála.

Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda frá árinu 2011 var framlengdur á sömu nótum og samningur VR og Samtaka atvinnulífsins.

Kjara- og innheimtumál

Málum sem komu til vinnslu hjá kjaramálaráðgjöfum VR á árinu 2012 fjölgaði um 8,3% m.v. árið á undan, þau voru 1.472 árið 2012 samanborið við 1.359 árið 2011. Þetta gengur þvert á þróun árunna eftir hrun, en málum fækkaði jafnt og þétt frá 2008 til 2011. Árið 2008 voru málin 1.680 og höfðu aldrei verið fleiri, þau voru 1.623 árið 2009, 1.395 árið 2010 og árið 2011 voru þau 1.359 (sjá mynd).



Flest mál sem komu til kasta kjaramálaráðgjafa á árinu 2012 tengdust uppsögnum, eins og verið hefur undanfarin ár. Málin snúast þá um innheimtu á kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti auk hefðbundinna starfslokagreiðslna, eins og orlofi og uppbótum. Orlofsréttur var talsvert í umræðunni á árinu og tengdist það bæði uppgjöri á orlofi við starfslok auk þess sem ágreiningur virðist vera að koma upp varðandi ávinnslu orlofs, þrátt fyrir að bókun um þá ávinnslu sé til frá árinu 1996. Gjaldprotum hefur hlutfallslega fækkað að undanförmu, en búast má við aukningu í þeim málaflokki á næstu misserum, þróun á fjölda gjaldprota helst allajafna í hendur við þróun á málafjölda.

Um áramótin 2012 - 2013 voru 106 mál í vinnslu hjá kjaramálaráðgjöfum, þar af 63 hjá lögmanni félagsins. Á þessum tímabili voru 8 mál óleyst vegna ársins 2010, 17 mál óleyst vegna ársins 2011 og 81 mál óleyst vegna ársins 2012.

Jákvæð teikn á lofti

Á árunum eftir hrun var hreyfanleiki á vinnumarkaði minni en áður, enda atvinnutækifærin færri. Það kann að skýra að hluta þá fækkun sem varð í fjölda mála á árunum 2008 - 2011, af ötta við að missa vinnuna veigruðu félagsmenn sér við að leita til stéttarfélags síns fyrr en mikil harka var hlaupin í ágreiningsmál þeirra við vinnuveitendur. Fjöldun mála nú, eða sú staðreynd að félagsmenn leita í auknum mæli til VR, kann að vera til marks um meiri hreyfanleika á vinnumarkaði. Þá má merkja meiri vilja af hálfu vinnuveitenda til að leysa ágreiningsmál á vinnustað áður en málin lenda fyrir dómstólum og telja kjaramálaráðgjafar VR það kunna að vera vísbending um bættu stöðu launafólks á vinnumarkaði.

Mikilvægt er að hafa í huga að þau atriði sem nefnd eru hér að framan eru vísbendingar um að vinnumarkaðurinn kunni að vera á uppleið, of snemmt er að spá fyrir um stöðuna á næstu misserum.

Opnun 1. maí

Formaður VR ritaði forsvarsmönnum stóru verslanamiðstöðvanna opið bréf þann 25. apríl 2012 þar sem hann fór fram á að þeir hafi lokað 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi launafólks. Sama dag samþykkti miðstjórn ASÍ ályktun þar sem fyrirætlanum verslana um að hafa opið 1. maí var mótmælt og neytendur hvattir til að sniðganga verslanir sem væru opnar þann dag.

Dómsmál

Á hverju ári fer alltaf nokkur fjöldi mála sem varða hagsmuni félagsmanna fyrir dómstóla. Fjallað er um helstu dóma á heimasíðu VR en hér að neðan er stiklað á stóru í þremur dómum sem féllu á starfsárinu 2012 - 2013. Í september 2012 dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur starfslokasamning milli félagsmanns VR og vinnuveitanda hans ógildan á þeim forsendum að samningurinn hafi verið félagsmanninum óhagstæðari en ákvæði kjarasamnings aðila segja til um. Snemma árs 2013 féll dómur í Hæstirétti þar sem rétturinn hafnaði kröfu félagsmanns VR um laun í uppsagnarfresti og lagði sönnunarbyrði vegna meintra brota á trúnaðarsamningi á hans herðar. Þá féll dómur í mars 2013 í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem fyrirtæki var dæmt til að greiða félagsmanni VR miskabætur fyrir að hafa með ólögætum hætti farið í tölvupósta á einkanetfangi félagsmannsins.

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf


Í ágúst 2012 tók VR formlega við þjónustu við atvinnulausa félagsmenn sem áður var á hendi Vinnumálastofnunar. Um er að ræða tilrauna-verkefni til þriggja ára sem byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga í maí árið 2011. Samkomulag um verkefnið var undirritað í febrúar 2012 og í kjölfarið settu ASÍ og SA á laggirnar sérstakt félag, Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. (STARF), til að annast framkvæmd verkefnisins. Nokkur stéttarfélög á höfuðborgarsvæðinu, á Austurlandi og á Suðurnesjum eru aðilar að verkefninu en um 75% af heildarumfangi þess er sinnt á vegum VR. Markmið verkefnisins er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að atvinnuleitendur fái störf að nýju.

Þátttaka VR í þessu verkefni þýðir að VR annast nú alla þjónustu við atvinnulausa félagsmenn sína með vinnumiðlun og ráðgjöf og hafa atvinnuráðgjafar á vegum STARF verið ráðnir til félagsins. Atvinnuleitendum í VR stendur til boða persónuleg og einstaklingsmiðuð þjónusta og fjölbreytt náms- og starfstengd úrræði sem nýtast þeim markvisst í atvinnuleit. Frá ágúst til loka desember 2012 komu 147 einstaklingar í greiningarviðtöl hjá ráðgjöfum, bæði varðandi atvinnutengda endurhæfingu og í stöðumat vegna langtímaatvinnuleysis. Þá voru haldnir 16 kynningarfundir fyrir atvinnuleitendur, 757 voru boðaðir en 394 mættu. Þeir sem ekki mæta á kynningarfund eru teknir af atvinnuleysisráði en skráðir að nýju skili þeir inn gildum skýringum á fjarveru innan sjö daga.

Alls sóttu 640 einstaklingar námskeið á vegum STARFS hjá VR ágúst - desember 2012. Af þeim voru 260 félagsmenn bókaðir á námskeiðið Starfsleitarstofa og luku því 195. Námskeiðið er skipulagt og hannað af VR í samstarfi við Mími símenntun og er atvinnuleitendum skylt að mæta. Á þriðja hundrað voru skráðir á önnur námskeið, m.a. sérstök námskeið til að mæta þörfum þeirra sem hafa lengi verið án atvinnu, bókahalds- og tölvunámskeið, námskeið menntastöðva Mímis og íslenskunámskeið. Þá voru á tímabilinu gerðir 173 námssamningar við atvinnuleitendur en námssamningar gera þeim kleift að stunda nám á framhalds- eða háskólastigi samhliða atvinnuleysisbótum og auðvelda þeim aðgengi að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá fékk 151 atvinnuleitandi námsstyrk.

23 einstaklingar hafa fengið starfsþjálfunar- eða ráðningarsamning til reynslu hjá fyrirtækjum og 264 félagsmenn VR tóku þátt í verkefninu Vinnandi vegur, átaki aðila vinnumarkaðarins, ríkis og sveitarfélaga sem veitir atvinnurekendum styrk til að ráða starfsmenn úr hópi atvinnuleitenda, einkum þeirra sem hafa verið án vinnu lengur en í ár.

Félagsmenn VR á atvinnuleysisráði 2012



Alls voru 2.673 félagsmenn VR á atvinnuleysisráði í janúar 2012 en 1.930 í desember sama ár. Árið 2011 var fjöldi skráðra félagsmanna á atvinnuleysisráði 2.727 að jafnaði en 2.160 árið 2012.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

VIRK starfsendurhæfingarsjóður byggir á samkomulagi í kjarasamningum frá árinu 2008 um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar. Þjónustufulltrúar á vegum VIRK starfa hjá VR og fleiri stéttarfélögum og annast þjónustu við starfsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Á árinu 2012 sóttu 188 einstaklingar þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR sem ekki höfðu sótt þjónustu áður. Af þeim útskrifuðust 37 en 23 einstaklingar afþökkuðu þjónustu. Frá árinu 2009 hafa 617 einstaklingar leitað til þjónustufulltrúa VIRK hjá VR.

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2012 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

	Fjöldi	Upphæð kr.
Sjúkra- og dagpeningar samtals	800	637.694.960

(2011, samtals fjöldi 640, kr. 475.312.533)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Dánarbætur samtals	85	47.181.952

(2011, fjöldi bótaþega 79, kr. 33.892.544)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Örorkubætur samtals	16	12.439.672

(2011, fjöldi bótaþega 21, kr. 16.878.554)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	299	24.864.425

(þ.m.t. sértækir styrkir til tekjulægri félagsmanna)

(2011, fjöldi styrkþega 390, kr. 30.814.828)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur og styrkir til félagsmanna 2012 samtals *	1.151	722.181.009

(2011, fjöldi bóta- og styrkþega 1.078, kr. 556.898.459)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga 2012		14.715.924

(2011, kr. 11.734.914)

* Athugið að framsetning þessarar tölu er önnur en fyrir ár, nú er birtur hér fjöldi einstaklinga en áður var birt samtala bótaflokka. Upplýsingar um fjöldi bóta- og styrkþega árið 2011 hafa verið uppfærðar til samræmis við þessa breytingu.

Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Á aðalfundi VR þann 10. apríl 2012 var samþykkt breyting á 9. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR sem kveður á um réttindi í sjóðnum með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2012 – 2013

Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon og Ólafía Ása Jóhannesdóttir.

Varamenn: Hildur Mósesdóttir og Óskar Kristjánsson.

Orlofsmál

Á árinu 2012 voru 39 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna, 16 orlofshús og 1 hótélherbergi. Útleigur ársins 2012 voru 3.019 samanborið við 3.030 árið 2011. Haustið 2012 keypti VR eitt hús í orlofshúsabygginginni á Einarstöðum og á nú 3 hús á svæðinu. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2012

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur*
Akureyri (7)	1.674	90%	61%
Einarstaðir (8)**	574	93%	-
Flúðir (3)	633	93%	59%
Húsafell (3)	619	90%	45%
Miðhúsaskógur (20)	3.785	92%	38%
Sóltún, Reykjavík (1)	295	85%	80%
Vestmannaeyjar***	52	-	42%
Ölfusborgir (1)**	91	100%	-

Félagið tók á leigu eftirtalin orlofshús, herbergi og tjaldvagna sumarið 2012 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur
Blönduós (2)	168	94%	-
Hótel Loftleiðir (1)****	238	-	-
Grímsnes (2)	182	100%	-
Laugar (1)	91	100%	-
Ólafsfjörður (1)	91	95%	-
Stykkishólmur raðhús (3)	595	91%	41%
Súðavík (1)	168	92%	-
Tjaldvagnar (25)	1.126	-	-
Samtals gistinguætur	10.382		

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga. ** Hús í Ölfusborgum og á Einarstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna haust, vetur og vor. *** Útleiga hússins í Vestmannaeyjum hófst haustið 2012. **** Samningur er um eitt hótélherbergi á Reykjavík Natura, bókað er í önnur herbergi ef þörf er á og þau eru laus.

Tjaldsvæði í Miðhúsaskógi

Í júní 2012 tók félagið í notkun nýtt tjaldsvæði á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi. Á svæðinu er aðstaða fyrir allt að 50 vagna og tjöld, þjónustuhús með grillaðstöðu, salernisaðstöðu, sturtum og þvottavél til afnota fyrir gesti. Öryggisgæsla er á svæðinu. Í tilefni af opnuninni efndi VR til hátíðar á svæðinu þann 2. júní.

Íbúð í Sóltúni og hús í Vestmannaeyjum

Í janúar 2013 festi VR kaup á tveggja herbergja íbúð við Sóltún í Reykjavík en með kaupunum vill félagið koma til móts við óskir félagsmanna um fleiri möguleika á orlofsleigu í Reykjavík. Þá keypti VR 66 m² orlofshús í Vestmannaeyjum, Surtsey v/Ofanleiti, sumarið 2012. Þá voru hús félagsins á Flúðum gerð upp undir lok árs 2012.

Afsláttur í ferðalagið

VR bauð félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og Iceland Express, síðar WOW, í formi afsláttarmiða. Alls voru seldir um 1.200 afsláttarmiðar á árinu 2012 en hver félagsmaður gat keypt að hámarki tvo miða á tólf mánaða tímabili.

Veiði- og útilegukort

Um 1.400 félagsmenn keyptu veiði- og útilegukort árið 2012.


Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2012 – 2013

Benedikt Vilhjálmsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson og Sigurður Sigfússon.

Varamenn: Fríður Birna Stefánsdóttir og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Kynbundinn launamunur er ein helsta birtingarmynd ójafnrar stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og hefur VR lagt mikla áherslu á að berjast gegn honum. Nokkur árangur hefur náðst í þeirri baráttu, eins og sjá má á línuritinu hér að neðan.

Launamunur kynjanna hjá VR*



*Launakönnun var ekki gerð árið 2002. Munur heildarlauna og kynbundinn munur byggir á niðurstöðum árlegra launakannanna VR.

Jafnlaunavottun VR

Jafnlaunavottun VR var hleypt af stokkunum í febrúar árið 2013 eftir tæplega tveggja ára þróunarvinnu. Jafnlaunavottun VR byggir á staðli Staðlaráðs Íslands, ÍST 85 Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar, sem kom út í desember 2012. Útgáfa staðalsins markaði tímamót í jafnréttisbaráttunni, ekki bara á Íslandi heldur á heimsvísu. Forsendur þess að fyrirtæki eða stofnanir innleiði staðalinn eru meðal annars að fyrir liggja mótuð launastefna, að launaviðmið hafi verið ákveðin og að störf séu flokkuð samkvæmt kerfi Íslenskrar starfagreiningar, ÍSTARF 95.

Með Jafnlaunavottun VR eru viðmiðin sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að fá vottun skýrð og samræmd samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði. Jafnlaunavottun VR var unnin í samstarfi við BSI á Íslandi, skrifstofu British Standards Institution sem hefur áralanga reynslu af vottun. Jafnlaunavottun VR gefur fyrirtækjum tækifæri til að sýna svart á hvítu að allir starfsmenn fái greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf, burtséð frá kyni.

Jafnlaunavottun VR var kynnt á fundi með blaðamönnum þann 5. febrúar 2013 og fylgt úr hlaði með auglýsinga- og kynningarherferð í fjölmiðlum, meðal félagsmanna, trúnaðarmanna á vinnustöðum og trúnaðarráðsmanna.

Kynjabókhald VR

Á skrifstofu VR störfuðu 50 starfsmenn í byrjun mars 2012, 35 konur konur og 15 karlar. Hér að neðan má sjá helstu lykiltölur í kynjabókhaldi VR starfsár stjórnar 2012 - 2013, samtals aðal- og varamenn þar sem það á við. Athugið að einn stjórnarmaður kosinn árið 2011 hætti í stjórn frá og með aðalfundi árið 2012 og tók fyrsti varamaður sæti hans í stjórn. Varamenn stjórnar voru því tveir í stað þriggja frá þeim tíma.

	Karlar	Konur
Stjórn VR	9	8
Trúnaðarráð, að stjórn meðtalinni	52	47
Orlofsstjórn	4	3
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs	3	4
Jafnréttisnefnd	2	3
Uppstillinganefnd	2	2

Ályktanir, yfirlýsingar, fundir

Ályktanir stjórnar starfsárið 2012 – 2013

Þann 5. september 2012 samþykkti stjórn yfirlýsingu þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að ungt fólk komi að starfi stéttarfélaga. Stjórnin skoraði á stéttarfélög um allt land að tryggja tilnefningu ungs fólks á þing Alþýðusambands Íslands sem haldið var í október 2012.

Þann 5. desember 2012 samþykkti stjórn yfirlýsingu vegna fréttar í DV um ráðningu starfsmanns á skrifstofu félagsins. Í yfirlýsingunni segir að stjórn hafi farið yfir ráðningarferlið á fundi sínum og teldi að rétt hafi verið staðið að ráðningunni. Stjórnin lýsti fullum stuðningi við störf formanns og framkvæmdastjóra.

Þann 20. janúar 2013 sendi stjórn frá sér yfirlýsingu þar sem formanni var veitt fullt umboð til að samþykka framlengingu kjarasamninga til loka nóvember 2013. Sjá nánar á bls. 6.

Fundir starfsárið 2012 – 2013

Stjórn VR fundaði 15 sinnum á starfsárinu. Að auki var boðað til fundar stjórnar þann 16. apríl, eftir að ársskýrslan fór í prentun.

Fundarsókn stjórnarmanna

	1076 11/04/2012	1077 09/05/2012	1078 06/06/2012	1079 13/08/2012	1080 03/09/2012	1081 10/10/2012	1082 21/11/2012	1083 05/12/2012	1084 08/12/2012	1085 12/12/2012	1086 07/01/2013	1087 20/01/2013	1088 07/02/2013	1089 20/03/2013	1090 03/04/2013
Stefán Einar Stefánsson	1	1	1	1	1	1	1	1		1	1	1	1	1	1
Ásta Rut Jónasdóttir	1					1	1	1		1	1	1	1	1	1
Benedikt Vilhjálmsson	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Benóný Valur Jakobsson	1	1	1	1	1	1	1	1		1	1	1	1	1	1
Birgir Már Guðmunsson		1	1			1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Bjarni Þór Sigurðsson	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Eyrún Ingadóttir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Friður Birna Stefánsdóttir	1		1	1	1	1	1	1	1			1	1		1
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir		1	1	1			1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Ólafía Ása Jóhannesdóttir		1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Óskar Kristjánsson	1		1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Ragnar Þór Ingólfsson	1		1	1	1	1	1		1	1	1			1	
Sigurður Sigfússon	1	1	1	1	1	1	1			1	1	1	1	1	1
Varamenn															
Hildur Mósesdóttir	1	1	1	1	1	1		1		1	1	1	1	1	1
Jón Magnússon	1	1	1	1	1	1		1	1	1	1				1

Trúnaðarráð fundaði sjö sinnum á starfsárinu, þar af tvisvar sérstaklega vegna endurskoðunar kjarasamninga, sjá nánar á bls. 6.

Félagsfundir

Tveir félagsfundir voru haldnir á starfsárinu, sá fyrri þann 27. febrúar 2013 í Reykjavík en sá síðari þann 28. febrúar og var það fjárfundur frá Reykjavík fyrir félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins. Báðir fundirnir voru kynningarfundir frambjóðenda til formanns og stjórnar VR í allsherjarkosningum í mars 2013.


Uppstillinganefnd fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar sem birt var 21. janúar 2013. Alls bárust 37 framboð. Uppstillinganefnd bauð fram lista stjórnar og trúnaðarráðs, í samræmi við auglýsingu kjörstjórnar VR sem birt var þann 7. febrúar 2013. Ekkert annað listaframboð barst og var listinn því réttkjörinn í trúnaðarráð VR kjörtímabilið 2013 – 2015.

Úrskurðarnefnd VR hélt 10 fundi á árinu 2012 og kvað upp 17 úrskurði í málum félagsmanna. Verkefni úrskurðarnefndar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitshlutverki.

VR varasjóður

Á aðalfundi þann 10. apríl var samþykkt tillaga um 480 milljóna króna framlag í VR varasjóð. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2012 námu alls kr. 452.207.653 og fengu 13.086 einstaklingar greitt úr sjóðnum á árinu. Langstærstur hluti fór til forvarna eða kr. 205.421.659. Árið 2011 fengu 11.686 einstaklingar greitt úr sjóðnum og nam heildarupphæðin kr. 390.559.662. Hér að neðan má sjá skiptingu greiðslna úr sjóðnum árið 2012.

Greiðslur úr VR varasjóði 2012



Fræðslumál

VR bauð upp á 13 hádegisfyrirlestra og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sátu þá tæplega 600 félagsmenn. Af þessum námskeiðum voru tvenn starfslokánámskeið sérstaklega fyrir eldri félagsmenn. Í boði voru 12 morgunverðarfundir sem 43 félagsmenn sátu. Þá hélt VR tíu námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins á starfsárinu.

Og eins og fyrri ár stóð félagið fyrir kynningum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagssvæði VR. Alls sóttu um 1.800 nemendur kynningarnar sem voru haldnar í 52 skólum.

Starfsmenntastyrkir

Á árinu 2012 voru greiddar 169 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við rúmlega 150 milljónir króna árið 2011. Umsóknir árið 2012 voru 6.040 frá 4.736 félagsmönnum samanborið við 6.158 umsóknir frá 4.339 félagsmönnum árið 2011.

Stjórnir fræðslumála starfsárið 2012 - 2013

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Teitur Lárusson (VR) formaður.

Stefanía Magnúsdóttir (VR), Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (LÍV), Ragnheiður B. Guðmundsdóttir (SA), Lísbet Einarsdóttir (SA) og Arndís Björnsdóttir (SA).

Varamenn: Margrét Ingþórsdóttir (LÍV), Hannes Sigurðsson (SA) og Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Teitur Lárusson (VR), Margrét Guðmundsdóttir (FA), Almar Guðmundsson (FA) og Úlfhildur Ragnarsdóttir (VR/LÍV).

Varamaður: Stefán Einar Stefánsson (VR).

Önnur starfsemi

Starfsemi þjónustudeildar

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á árinu 2012 sneru að varasjóði VR, og er það í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík árið 2012 var 23.391 eða 1.949 að meðaltali á mánuði, sem er um 25% aukning frá árinu 2011. Heildarfjöldi símtala til félagsins var 64.169 á árinu 2012 sem er um 1% aukning frá fyrra ári. Þá bárust alls 10.208 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is sem er 36% fleiri fyrirspurnir en árið 2011. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins á Akranesi, Egilsstöðum í Vestmannaeyjum og Reykjavík.

Rannsóknir og kannanir

Fyrirtæki ársins

Johan Rönning, Bernhard og Sæmark voru Fyrirtæki ársins 2012 samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR á kjörum og aðstæðum launafólks. Í fyrsta skipti var fyrirtækjum í könnuninni skipt í þrjá stærðarflokka og var afhent viðurkenning fyrir hvern flokk; Johan Rönning var fyrirtæki ársins í hópi fyrirtækja þar sem starfsmenn voru fleiri en 50 talsins, Bernhard þar sem fyrirtæki voru 20 til 49 talsins og Sæmark þar sem starfsmenn voru 19 eða færri. Tíu efstu fyrirtækin í hverjum flokki hlutu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2012.

Launakönnun

Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu að meðaltali um 7,4% frá janúar 2011 til janúar 2012 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR fyrir árið 2012. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður sambærilegrar launakönnunar meðal félagsmanna SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar kemur í ljós að félagsmenn SFR og StRv eru með að meðaltali 18% til 22% lægri laun en félagsmenn VR, að teknu tilliti til helstu áhrifaþátta á laun, s.s. vinnutíma, menntunar, starfs o.s.fr.

Grunnlaun félagsmanna VR hækkuðu að meðaltali um 6,9% frá janúar 2011 til janúar 2012. Kynbundinn launamunur mældist í fyrsta skipti undir tíu prósentum eða 9,4%. Þegar litið er til heildarlauna sést að konur voru með 14,9% lægri heildarlaun en karlar í janúar 2012.

Útgáfu- og kynningarmál

VR blaðið kom út 4 sinnum á starfsárinu, upplag hvers tölublaðs var tæplega 25.500 að meðaltali. Notendur heimasíðu félagsins voru að meðaltali rúmlega 14 þúsund á mánuði m.v. einkvæma talningu og er nú í fyrsta skipti notast við Google analytics vefmælingarkerfi.

Þrjú bæklingar voru gefnir út á starfsárinu, sérstakur bæklingur fyrir trúnaðarmenn, bæklingurinn *Hvað gerir VR fyrir þig?* en markmið hans er að gefa félagsmönnum yfirsýn yfir þá þjónustu sem félagið veitir, og *Er eitthvað ósýnilegt á þínum vinnustað?* en hann var gefinn út í tengslum við kynningu á Jafnlaunavottun VR, sjá nánari umfjöllun á bls. 11.

Félagið sýndi tvær nýjar sjónvarpsauglýsingar á árinu, annars vegar nýja auglýsingu þar sem minnt var á hvíldartímaákvæði í kjarasamningum vegna vinnu í desember og hins vegar auglýsingu um Jafnlaunavottun VR.

Erlend samskipti

Höfuðborgarráðstefnan var haldin í Osló í júlí 2012 en hún er árlegur samstarfsvettvangur fulltrúa verslunarmannafélaga í höfuðborgum Norðurlanda. Umræðuefnið sneri að frekara samstarfi félaganna og auknu öryggi starfsfólks í verslunum en þess ber að geta að á Íslandi er að störfum nefnd á vettvangi LÍV, ASÍ og SA vegna þeirra mála.

Formaður VR var fulltrúi félagsins og heiðursgestur á hátíðarfundum í tilefni af 100 ára afmæli Handels í Stokkhólmi og flutti þar ræðu fyrir hönd verslunarmannafélaganna í Reykjavík, Helsinki, Kaupmannahöfn og Osló. Veisluhöldin fóru fram í ráðhúsinu í Stokkhólmi í október 2012.

Allsherjartkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Dagana 7. til 15. mars 2013 fór fram allsherjartkvæðagreiðsla vegna framboða til trúnaðarstarfa fyrir VR. Þann 7. febrúar 2013 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið; auglýst var eftir einstaklingsframboðum til formanns, sjö sæta í stjórn og þriggja til vara og listaframboðum til trúnaðarráðs.

Alls bárust tvö framboð til formanns og 13 einstaklingsframboð til stjórnar en einn frambjóðandi til stjórnar dró framboð sitt til baka innan þeirra tímamarka sem lög félagsins heimila. Kosið var því á milli tveggja frambjóðenda til formanns og tólf frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Atkvæði greiddu 6.353. Á kjörskrá voru alls 29.439. Kosningaþátttaka var því 21,58%.

Atkvæði féllu þannig að Ólafía Björk Rafnsdóttir fékk 4.785 atkvæði til formanns eða 76,1% en Stefán Einar Stefánsson fékk 1.499 atkvæði eða 23,9%. Alls tóku 69 ekki afstöðu.

Kosið var um sjö sæti í stjórn og fékk Ásta Rut Jónasdóttir 2.638 atkvæði, Rannveig Sigurðardóttir fékk 2.261 atkvæði, Helga Ingólfssdóttir fékk 2.093 atkvæði, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir fékk 2.040 atkvæði, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir fékk 2.029 atkvæði, Ragnar Þór Ingólfsson fékk 1.930 atkvæði, Páll Örn Líndal fékk 1.377 atkvæði, Birgir Már Guðmundsson fékk 1.370 atkvæði, Benedikt Vilhjálmsson fékk 1.352 atkvæði, Óskar Kristjánsson fékk 1.052 atkvæði, Jóhann Már Sigurbjörnsson fékk 982 atkvæði og Jón Magnússon fékk 906 atkvæði. Alls tóku 1.992 ekki afstöðu.

Til formanns hlaut Ólafía Björk Rafnsdóttir kosningu til tveggja ára.

Til stjórnar hlutu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Ásta Rut Jónasdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Páll Örn Líndal
Helga Ingólfssdóttir
Birgir Már Guðmundsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Benedikt Vilhjálmsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Óskar Kristjánsson

Einn framboðslisti barst til trúnaðarráðs, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR, og var hann réttkjörinn til setu í trúnaðarráði kjörtímabilið 2013 – 2015. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins, www.vr.is.

Lagabreytingar

Á aðalfundi þann 10. apríl 2012 voru samþykktar nokkrar breytingar á lögum VR, gerðar voru breytingar á 2., 3. og 7. mgr. 3 greinar; 1. og 2. mgr. 4. greinar; 1. mgr. 15. greinar; 1. mgr. 18. greinar; 1. mgr. 23. greinar, 1. mgr. 24. greinar og 1. mgr. 26. greinar. Þær greinar sem tóku breytingum eru birtar í heild hér að neðan.

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis í félaginu. Eftirlaunþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

Þeir sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju skv. nánari reglum félagsins.

Almennar upplýsingar

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- Náð hefur 16 ára að aldri.
- Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélag.
- Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

Unglingar geta orðið félagsmenn þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

